



DALVÍKURBYGGÐ

Handbók fyrir starfsfólk Dalvíkurbyggðar

útgefin 24. nóvember 2020

útgáfa 1.0

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
METNAÐUR



DALVÍKURBYGGÐ

Efnisyfirlit

| | | |
|------|--|---|
| 1. | Inngangur | 3 |
| 2. | Mannauðsstefna | 4 |
| 3. | Yfirlit yfir stefnur og önnur gögn..... | 5 |
| 3.1 | Velferðarstefna | 5 |
| 3.2 | Stefna gegn einelti, áreiti og ofbeldi | 5 |
| 3.3 | Jafnréttisáætlun | 5 |
| 3.4 | Þjónustustefna | 6 |
| 3.5 | Fjölmeningastefna | 6 |
| 3.6 | Skjalastefna | 6 |
| 3.7 | Viðbragðsáætlun við heimsfaraldri influensu | 7 |
| 3.8 | Skipurit Dalvíkurbyggðar | 7 |
| 3.9 | Starfsmannafélag Dalvíkurbyggðar | 7 |
| 3.10 | Kjarasamningar | 7 |
| 3.1 | Önnur fylgigögn og leiðbeiningar til starfsfólks | 8 |



DALVÍKURBYGGÐ

1. Inngangur

Handbókinni er ætlað að vera leiðarvísir fyrir starfsfólk Dalvíkurbyggðar og byggir á mannauðsstefnu sveitarfélagsins að grunninum til. Hún er til upplýsingar og leiðbeiningar um reglur, leiðbeiningar, verkferla og vinnubrögð og veitir beinan aðgang að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

Starfsmannahandbókin er sett upp þannig að megininntak stefna og áætlana er kynnt í handbókinni en hægt er að lesa heildarskjalið með því að smella á tengilinn og þá á skjalið að opnast.

Ábyrgðamenn handbókarinnar eru sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, sviðsstjóri félagsmálasviðs og launafulltrúi. Vinsamlegast leitið til þeirra ef að þið hafið athugasemdir er spurningar er varða handbókina.



DALVÍKURBYGGÐ

2. Mannauðsstefna

MANNAUÐSSTEFNA DALVÍKURBYGGÐAR er eftirfarandi:

Dalvíkurbyggð leggur áherslu á að skapa eftirsóknarverðan vinnustað á öllum starfsstöðvum sveitarfélagsins og laða að sér hæft starfsfólk, sem vinnur í þágu íbúa sveitarfélagsins og skapar starfsfólki tækifæri til að eflast og þróast í starfi.

Lögð er áhersla á þverfaglegt samstarf á milli deilda þannig að starfsfólk upplifi sveitarfélagið Dalvíkurbyggð sem einn vinnustað sem leggur áherslu á gildin 3 sem leiðarljós:

VIRÐING - JÁKVÆÐNI - METNAÐUR

RÁÐNINGAR OG NÝTT STARFSFÓLK

- ✓ Sveitarfélagið leitast við að ráða vandað og traust starfsfólk. Við ráðningu starfsfólks er horft á reynslu, hæfni og menntun.
- ✓ Til að tryggja jafnræði milli umsækjanda er lögð áhersla á fagleg og samræmd vinnubrögð.
- ✓ Vel er tekið á móti nýju starfsfólki og fær það þjálfun við hæfi.

STARFSÞRÓUN OG FRÆÐSLA

- ✓ Lögð er áhersla á að starfsfólk fái markvissa þjálfun og fræðslu og því sköpuð skilyrði til sí— og endurmenntunar.
- ✓ Lögð er áhersla á miðlun þekkingar á milli starfsfólks og starfsstöðva.
- ✓ Starfsfólki er boðið upp á reglubundin starfsþróunarsamtöl.

STARFSÁNÆGJA

- ✓ Dalvíkurbyggð leggur áherslu á ánægju starfsfólks t.d. með virkri endurgjöf og hvatningu
- ✓ Dalvíkurbyggð er til fyrirmyndar og býður fólki með skerta starfsgetu atvinnu.
- ✓ Dalvíkurbyggð leggur áherslu á frumkvæði og nýsköpunarkraft starfsfólks
- ✓ Dalvíkurbyggð leggur áherslu á að starfsfólk sé opið fyrir áskorunum og leiti nýrra lausna
- ✓ Dalvíkurbyggð vinnur að jákvæðri ímynd sveitarfélagsins með góðum samskiptum milli starfsfólks og vandaðri þjónustu til íbúa
- ✓ Stofnanir sveitarfélagsins hafa öflugt upplýsingaflæði.

JAFNRÉTTI OG JAFNRÆÐI

- ✓ Dalvíkurbyggð hefur sett sér jafnréttisáætlun til að tryggja jafnræði m.t.t kyns, aldurs, trúar, þjóðernis og annarra þátta.
- ✓ Dalvíkurbyggð hefur sett sér jafnlaunastefnu sem tryggir sambærileg laun fyrir sambærileg störf.
- ✓

UMHVERFI OG HEILSA

- ✓ Dalvíkurbyggð leggur áherslu á öryggi, vellíðan og heilbrigði starfsfólks og hefur sett sér velferðarstefnu til að tryggja sem besta eftirfylgni.
- ✓ Starfsfólki er boðið í reglubundnar heilsufarsmælingar og fær stuðning til heilsueflingar og hreyfingar.
- ✓ Leitað er leiða til að jafna vinnuálag eins og kostur er.
- ✓ Leitast skal við að starfsmaður, hafi tækifæri á auknum sveigjanleika í vinnutíma og minnkandi starfshlutfalli, þegar líða fer að starfslokum. Þjóða skal uppá starfslokasamtal.
- ✓ Vinnustaðir Dalvíkurbyggðar eru fjölskylduvænar og lögð áhersla á að jafnvægi ríki milli vinnu og einkalífs með sveigjanlegum vinnutíma.
- ✓ Hvers kyns einelti, áreitni eða ofbeldi verður ekki liðið hjá Dalvíkurbyggð.



DALVÍKURBYGGÐ

3. Yfirlit yfir stefnur og önnur gögn

3.1 [Velferðarstefna](#)

(sjá nánar með því að smella á tengilinn)

Dalvíkurbyggð setur sér velferðarstefnu til að stuðla að velferð og vellíðan alls starfsfólks. Fjarvistir tengjast heilsu og líðan starfsfólks og þeim kröfum sem gerðar eru á mismunandi vinnustöðum og störfum. Henni er ætlað að skapa umgjörð um gott skipulag á vinnustað, öruggt, heilsusamlegt og jákvætt vinnuumhverfi. Skýrir verkferlar og stefna hefur jákvæð áhrif og góð fjarvistastjórnun er leið til að bæta vinnufyrirkomulag og aðstæður á vinnustað.

Mikilvægt er að leggja áherslu á meðvitaða stjórnun fjarvista og stuðnings við endurkomu starfsfólks til vinnu eftir veikindi og slys.

3.2 [Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi](#)

(sjá nánar með því að smella á tengilinn)

- Á vinnustöðum sveitarfélagsins Dalvíkurbyggðar sýnir starfsfólk hvert öðrum virðingu og leggja sitt af mörkum til að fyrirbyggja neikvæða hegðun og stuðlar að góðum samskiptum, starfsánægju og öruggu umhverfi.
- Starfsfólk stendur saman um að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi í hvaða mynd sem er líðst ekki og láta vita ef upp koma neikvæð og erfið samskipti.
- Áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir og skjót viðbrögð sé grunur um óásættanlega hegðun á vinnustaðnum.

3.3 [Jafnréttisáætlun](#)

(sjá nánar með því að smella á tengilinn)

Dalvíkurbyggð hefur jafnræði íbúa og mannréttindi að leiðarljósi í öllu starfi. Með því að vinna eftir samræmdri jafnréttisstefnu er lögð áhersla á heildstæða sýn í þágu íbúa þar sem margir tilheyra fleiri en einum þeirra hópa sem hún nær til. Dalvíkurbyggð er sveitarfélag þar sem lífsgæðum, óskum og þörfum íbúa er skipað í öndvegi og byggir stefnumótun sveitarfélagsins á þeim gildum.

Dalvíkurbyggð er jafnréttissinnað og lýðræðislegt sveitarfélag sem tryggir öllum jöfn tækifæri og áhrif þar sem þarfir ólíkra hópa eru viðurkenndar. Fjölbreytilegt mannlíf Dalvíkurbyggðar endurspeglir samfélag sem byggir á gagnkvæmri virðingu og tillitssemi.

Jafnréttisáætlun Dalvíkurbyggðar er ætlað að taka til ólíkra hlutverka sveitarfélagsins, þ.e. í fyrsta lagi sem stjórnvalds, í öðru lagi sem atvinnurekanda og þriðja lagi sem veitanda þjónustu.



3.4 [Þjónustustefna](#)

(sjá nánar með því að smella á tengilinn)

- Þjónustustefnan sé aðgengileg fyrir starfsfólk og verði þannig eðlilegur hluti af daglegri starfsemi.
- Starfsfólk fái viðeigandi þjálfun, tæki og tól, til að veita góða þjónustu.
- Starfsfólk tileinki sér hugarfar og vinnubrögð sem eru í samræmi við kröfur vinnustaðarins.
- Að starfsfólk sýni gott fordæmi með jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum sín á milli og á milli vinnustaða.
- Að yfirmenn hafi sýn á það hvernig þeirra vinnustaður geti sem best veitt framúrskarandi þjónustu.
- Að starfsstöðvar og starfsfólk sé snyrtilegt.
- Að vera gagnrýnin á eigin störf og veitta þjónustu.
- Að virk eftirfylgni sé á starfsstöðvum
- Að þjónustustefna hvers vinnustaðar/starfsstöðvar sé kynnt fyrir nýju starfsfólki.

3.5 [Fjölmenningsstefna](#)

(sjá nánar með því að smella á tengilinn)

Lykillinn að íslensku samfélagi er kunnátta í íslensku, þekking á íslensku samfélagi og gildi fjölmenningar.

Grunngildi samfélagsins einkennast af víðsýni, virðingu og samkennd þar sem litið er á ólíkan bakgrunn íbúanna sem auðlind. Samfélagið tekur vel á móti innflytjendum og styður þá til góðra verka, en væntir þess að allir virði menningu og siði þess samfélags sem þeir kjósa að búa í.

Að allir íbúar Dalvíkurbyggðar njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu á sem flestum sviðum mannlífsins. Að innflytjendur skynji að þeir séu velkomnir og að þeir búi við öryggi.

3.6 [Skjalastefna](#)

(sjá nánar með því að smella á tengilinn)

- Skjöl sem varða málefni sveitarfélagsins séu varðveitt í samræmi við lög og reglugerðir.
- Skjöl sem varða málefni sveitarfélagsins, óháð formi, séu upprunaleg, áreiðanleg, heil og nýtanleg.
- Skjöl séu varðveitt á öruggan hátt.
- Engum skjölum sem varða málefni sveitarfélagsins sé eytt nema með sérstakri heimild til þess auka skilvirkni og bæta upplýsingastreymi.



DALVÍKURBYGGÐ

3.7 Viðbragðsáætlun við heimsfaraldri influensu

(sjá nánar með því að smella á tengilinn)

Áætlunin þjónar þeim tilgangi að vera stjórnendum Dalvíkurbyggðar til stuðnings um hvernig takast eigi á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum. Viðbragðsáætlunin segir fyrir um viðbrögð innan Dalvíkurbyggðar í kjölfar heimsfaraldurs.

3.8 Skipurit Dalvíkurbyggðar

(sjá nánar með því að smella á tengilinn)

3.9 Starfsmannafélag Dalvíkurbyggðar

(sjá lög félagsins með því að smella á tengilinn)

Allir starfsmenn Dalvíkurbyggðar (nema starfsmenn með stutta tímabundna ráðningu) gerast sjálfkrafa félagar við ráðningu. Tilgangur félagsins er að auka ánægju og samkennd starfsmanna Dalvíkurbyggðar og auka tilfinningu starfsmanna fyrir Dalvíkurbyggð sem einni heild og samstarfi milli stofnana, sem og að stuðla að bættum starfsanda og halda árstíðir og aðrar skemmtanir.

3.10 Kjarasamningar

sjá nánar með því að smella á tenglana hér fyrir neðan:

- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Einingar-Iðju](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags ísl. hljómlistarmanna](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags ísl. leikskólakennara](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Fræðagarðs](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags stjórnenda leikskóla](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Iðjubjálfafélags Íslands](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og KJALAR](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Starfsmannafélags Fjallabyggðar](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Tæknifræðingafélags Íslands](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum](#)
- [Kjarasamningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Proskabjálfafélags Íslands](#)



DALVÍKURBYGGÐ

3.1 Önnur fylgigögn og leiðbeiningar til starfsfólks

sjá nánar með því að smella á tenglana hér fyrir neðan:

- [Gjafir til starfsfólks Dalvíkurbyggðar](#)
- [Greiðsla á dagpeningum og ferðakostnaði](#)
- [Greiðslur til starfsfólks leik- og grunnskóla vegna fatakaupa](#)
- [Heilsusjóður - umsóknareyðublað](#)
- [Heilsusjóður - úthlutunarreglur](#)
- [Leiðbeiningar um of- eða vangreidd laun](#)
- [Leiðbeiningar um símenntun og launað eða launalaust leyfi starfsfólks](#)
- [Leiðbeiningar um sveigjanlegan vinnutíma](#)
- [Leiðbeiningar vegna fjarveru starfsfólks - Vinnustund](#)
- [Rafrænn persónuafsláttur](#)
- [Vinnuslys – verkferlar](#)